



# Starfsáætlun 2016

01/2016

Lögð fram á fundi stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga

29. janúar 2016.

Starfsáætlun 2016

© Samband íslenskra sveitarfélaga 01/2016

Borgartúni 30

Pósthólf 8100 – 128 Reykjavík

Ábyrgðarmaður: Karl Björnsson framkvæmdastjóri

# Framkvæmdastjóri og yfirstjórn

## Hlutverk

Að sjá til þess að stefnumörkun landsþinga sambandsins sé framfylgt og að starfsemi sambandsins sé á hverjum tíma hagað í samræmi við ákvæði 2. gr. samþykktu sambandsins, þar sem kveðið er á um hlutverk þess með eftirfarandi hætti:

- Að vera sameiginlegur málsvari sveitarfélaganna í landinu og vinna að sameiginlegum hagsmunamálum þeirra og samstarfi.
- Að þjóna sveitarfélögum á sviði vinnumarkaðsmála, annast kjarasamningsgerð og hafa fyrirsvaer í kjaramálum fyrir þau sveitarfélög sem veita umboð sitt til þess, hafa frumkvæði að rannsóknum og sinna upplýsingagjöf til sveitarfélaga um kjaramál.
- Að vera fulltrúi íslenskra sveitarfélaga gagnvart ríkisvaldinu og öðrum innlendum aðilum, eftir því sem við á.
- Að vera fulltrúi íslenskra sveitarfélaga gagnvart erlendum samtökum um sveitarstjórnarmál, alþjóðastofnunum og öðrum þeim aðilum erlendis, er láta sig sveitarstjórnarmálefni skipta.
- Að vinna að almennri fræðslu um sveitarstjórnarmál með ráðstefnu-, námskeiða- og fundahaldi og útgáfu- og upplýsingastarfsemi fyrir sveitarstjórnarmenn og starfsmenn sveitarfélaga.

## Leiðarljós

Að vera ávallt á verði gagnvart hagsmunum sveitarfélaga í landinu og hafa frumkvæði að því að verja sameiginlega hagsmuni þeirra og efla starfsemi þeirra.

## Meginmarkmið

Að sambandið sé þekkt og viðurkennt fyrir:

- Öfluga hagsmunagæslu fyrir sveitarfélögin gagnvart Alþingi, stjórnarráði og öðrum opinberum aðilum innanlands og utan, svo og öðrum hagsmunasamtökum, m.a. á vinnumarkaði.
- Góða starfshætti og þjónustu við viðskiptavini sína.
- Mikla og markvissa miðlun upplýsinga og kynningu nýrra viðhorfa í stjórnsýslu og viðfangsefnum sveitarfélaga.
- Skilvirkni og vönduð vinnubrögð.

### NEFNDASTÖRF FRAMKVÆMDASTJÓRA

- Seta í stjórn Byggðastofnunar.
- Seta í stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs.

- Seta í stýrihópi stjórnarráðsins um byggðamál.
- Seta í Jónsmessunefnd.
- Seta í endurskoðunarnefnd LSS.
- Seta í fastanefnd aðila vinnumarkaðarins og stjórnvalda.
- Seta í almannavarna- og öryggismálaráði.
- Seta í stjórn Bakhjarls.
- Seta í ýmsum verkefnatengdum nefndum á vegum ríkis og sveitarfélaga.

## Áhersluatriði 2016 - drög

### LANDSPING OG ÁRSFUNDIR

<p>✦ Undirbúa landsþing sambandsins sem haldið verður í apríl 2016.</p>	
<p>✦ Mæta á sem flesta ársfundi landshlutasamtaka sveitarfélaga, vor- og haustfundi þeirra og aðra ársfundi stofnana sem tengjast verkefnum sveitarfélaga.</p>	
<p>✦ Koma að undirbúningi og framkvæmd fjármálaráðstefnu sveitarfélaga.</p>	
<p>✦ Flytja erindi um málefni sveitarfélaga og sambandsins á ársfundum og ráðstefnum eins og við á.</p>	
<p>✦ Funda með þeim fastanefndum Alþingis sem mest fjalla um mál er tengjast sveitarfélögum og kynna starf sambandsins, stefnumörkun þess og sveitarstjórnarstigið almennt.</p>	

### TEKJUSTOFNAR OG SAMSKIPTI VIÐ RÍKIÐ

<p>✦ Vinna að útfærslu og framkvæmd samskiptareglna ríkis og sveitarfélaga á grundvelli ákvæða laga um opinber fjármál með það að leiðarljósi að samskiptin verði skilvirk, öguð og formföst.</p>	
<p>✦ Tryggja að samtímaupplýsingar um fjármál sveitarfélaga verði aðgengilegar.</p>	
<p>✦ Vinna að greiningu og útfærslu fyrirliggjandi hugmynda um breikkun og styrkingu tekjustofna sveitarfélaga.</p>	
<p>✦ Vinna með fjármála- og efnahagsráðuneytinu að endurskoðun reglna um virðisaukaskatt sem leggst ofan á almenna starfsemi og fjárfestingar sveitarfélaganna með það að markmiði að starfsemi sveitarfélaganna myndi ekki skattstofn fyrir ríkið.</p>	

<p>❖ Leggja þunga áherslu á að ígildi virðisaukaskatts á fráveituframkvæmdir verði endurgreitt.</p>	
<p>❖ Ræða áfram við fjármála- og efnahagsráðuneytið þann möguleika að sveitarfélögin fái hlutdeild í hinum almenna hluta tryggingagjalds til að standa undir aukningu á kostnaði við fjárhagsaðstoð og virkniúrræðum fyrir notendur félagsþjónustu sveitarfélaga.</p>	
<p>❖ Ræða áfram við fjármála- og efnahagsráðuneytið um fyrirliggjandi hugmyndir sambandsins um að sveitarfélög fái sanngjarna hlutdeild í gjöldum af umferð.</p>	
<p>❖ Ræða áfram við fjármála- og efnahagsráðuneytið tillögur um skattkerfisbreytingar sem tryggi að sveitarfélög fái hlutdeild í skattlagningu fyrirtækja og arðgreiðslum til eigenda þeirra.</p>	
<p>❖ Vinna að því að sveitarfélögin fái hlutdeild í tekjum af ferðaþjónustu.</p>	
<p>❖ Vinna að því að sveitarfélögin verði leyst undan skyldum um að útvega trúarfélögum og tilteknum ríkisstofnunum endurgjaldslausar lóðir.</p>	
<p>❖ Láta fara fram athugun sem sýni kosti og galla blandaðrar leiðar við endurskoðun stofns til álagningar A-hluta fasteignaskatta.</p>	
<p>❖ Stuðla áfram að stofnun nefndar með þátttöku fulltrúa innanríkisráðuneytisins, Samorku, Samtaka orkusveitarfélaga, Þjóðskrár og fjármála- og efnahagsráðuneytisins, sem greini möguleika þess að felldar verði niður allar undanþágur frá álagningu fasteignaskatts og öll mannvirki verði metin til fasteignamats. Sérstök áhersla verði lögð á orkumannvirki í þessu sambandi.</p>	
<p>❖ Styðja áfram við endurskoðun og einföldun á regluverki Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga.</p>	
<p>❖ Vinna áfram að sameiningu Innheimtustofnunar sveitarfélaga við Tryggingastofnun ríkisins eða aðra stofnun á vegum ríkisins á grundvelli stefnumörkunar sambandsins.</p>	
<p>❖ Vinna að endurskoðun tekjustofnalaga í samræmi við breytingar sem þarf að gera vegna hugsanlegrar upptöku húsnæðisbóta, breytinga á fjármögnun Innheimtustofnunar sveitarfélaga, verði hún leyst undan ábyrgð sveitarfélaga, og til að tryggja varanlega fjármögnun tónlistarfræðslu.</p>	
<p>❖ Móta skýrt skráningarform/utanumhald fyrir allt kostnaðarmat lagafrumvarpa og reglugerðarbreytinga gagnvart fjárhag sveitarfélaga, eða svokallaðan viðskiptareikning ríkis og sveitarfélaga.</p>	

<p>❖ Annast framkvæmdastjórn og tryggja skilvirkt starf samstarfsnefndar ríkis og sveitarfélaga, Jónsmessunefnd.</p>	
<p>❖ Fylgjast með störfum nefndar sem vinnur að mótun tillagna um styrkingu sveitarstjórnarstigsins og vera fulltrúum sambandsins í nefndinni bakhjarl.</p>	

## FÉLAGSPJÓNUSTA, ATVINNU- OG HÚSNÆÐISMÁL

<p>❖ Vinna að því að opinber stefnumörkun og löggjöf stuðli að því að bóta- og greiðslukerfi ríkis, sveitarfélaga og lífeyrissjóða vinni eins vel saman og kostur er.</p>	
<p>❖ Vinna að framgangi mála á grundvelli ábendinga og niðurstaðna í skýrslu verkefnisstjórnar um endurmat á þjónustu við fatlað fólk.</p>	
<p>❖ Tryggja að endurskoðun fari fram á framkvæmdaáætlun í málefnum fatlaðs fólks. Leggja áherslu á að ný fjármögnun frá ríkinu standi undir kostnaði við innleiðingu áætlunarinnar. Það sama gildi um samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks, verði hann lögfestur allur eða að hluta.</p>	
<p>❖ Vinna að því að tryggja sérstakt fjármagn frá ríki til að standa undir kostnaði við framlengingu á tilraunaverkefni um NPA.</p>	
<p>❖ Taka þátt í umræðu og mati á hugsanlegum flutningi á þjónustu við aldrað fólk frá ríki til sveitarfélaga og leggja sérstaka áherslu á vandaða stöðugreiningu í málaflokknum.</p>	
<p>❖ Aðstoða sveitarfélög í samningaviðræðum við ríkið um byggingu- og rekstur hjúkrunarheimila með sérstakri áherslu á endurskoðun á samsetningu daggjaldagrunns og fjárhæð daggjalda.</p>	
<p>❖ Vinna að lausn og framtíðarfjármögnun lífeyrisskuldbindinga hjúkrunarheimila sem búa við ábyrgð af hálfu sveitarfélaga.</p>	
<p>❖ Taka þátt í viðræðum við viðkomandi ráðuneyti um að skýra betur þjónustuskuldur hins opinbera og fjármögnun þeirra og fækka þannig svokölluðum gráum svæðum.</p>	
<p>❖ Tryggja framgang lagabreytinga sem heimila skýrari skilyrðingar fjárhagsaðstoðar en nú er.</p>	
<p>❖ Gæta að hagsmunum sveitarfélaga í stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs.</p>	
<p>❖ Auka samstarf við Vinnumálastofnun, annars vegar vegna þjónustu við fatlað fólk, og hins vegar vegna þeirra sem fá fjárhagsaðstoð frá sveitarfélögum og eiga ekki rétt á atvinnuleysisbótum, þannig að þeir njóti virkni- og vinnumarkaðsúræða.</p>	

## FRÆÐSLUMÁL

◆ Styðja viðkomandi sviðsstjóra við að ná markmiðum um fræðslumál.	
◆ Taka áfram þátt í stýrinefnd GERT-verkefnisins og vinna þannig að því að auka vægi verk-, tækni- og listgreina í námi barna.	

## UMHVERFIS-, FJARSKIPTA- OG SKIPULAGSMÁL

◆ Styðja viðkomandi sviðsstjóra við að ná markmiðum um umhverfismál.	
◆ Styðja við framgang tillagna um markvissa uppbyggingu hágæða fjarskiptakerfis fyrir alla landsmenn.	
◆ Sitja fundi skipulagsnefndar sambandsins eftir föngum.	
◆ Styðja viðkomandi sviðsstjóra við að ná markmiðum um skipulagsmál.	

## BYGGÐAMÁL

◆ Taka þátt í stýrihópi stjórnarráðsins vegna sóknaráætla landshluta og vinna að eflingu þeirra.	
◆ Vinna að samþættingu áætla sem lúta að verkefnum sveitarfélaga.	
◆ Sitja áfram í stjórn Byggðastofnunar og þróa virkt samstarf hennar við sambandið og koma sjónarmiðum sveitarfélaga á framfæri við stofnunina.	
◆ Vinna að aðkomu sambandsins að þróun Byggðabrunns Byggðastofnunar.	

## UPPLÝSINGAR OG RANNSÓKNIR

◆ Framkvæmdastjóri styður sviðsstjóra þróunar- og alþjóðasviðs við að ná markmiðum um aukna rafræna þjónustu sveitarfélaga, betri nýtingu upplýsingatækninnar og önnur upplýsingamál sem sviðsstjóri vinnur að.	
◆ Setja á stað vinnu við að kortleggja allar upplýsingar sem sveitarfélögin senda frá sér til opinberra aðila og setja fram tillögur um bætt verklag svo komast megi hjá tvíverknaði.	
◆ Vinna áfram að úttekt á kjörum og starfsumhverfi kjörinna fulltrúa og ástæðum mikillar endurnýjunar í þeirra röðum. Á grundvelli hennar verði lagðar fram tillögur á árinu til úrbóta og að leiðbeinandi viðmiðum.	

<p>◆ Styðja við vinnu sem miðar að því að greina þörf fyrir lagabreytingar til að heimila samkeyrslu gagnagrunna með það að markmiði að bæta nýtingu bótafjár.</p>	
<p>◆ Fylgja eftir hugmyndum að aðkomu sambandsins og sveitarfélaga að vinnu fjármála- og efnahagsráðuneytis, RSK, SA og ASÍ gegn svartri atvinnustarfsemi.</p>	
<p>◆ Framkvæmdastjóri mun taka þátt í vinnu á grundvelli reglna um styrki til meistaranema, sem samþykkt var að veita í tilefni af 70 ára afmæli sambandsins.</p>	

#### ALPJÓÐAMÁL

<p>◆ Fylgjast með viðfangsefnum Brusselskrifstofu sambandsins og festa fjármögnun hennar í sessi.</p>	
<p>◆ Fylgjast með starfsemi CEMR.</p>	
<p>◆ Fylgjast með nýjungum og áhugaverðum þróunarmálum hjá sveitarfélögum í nágrennanríkjum.</p>	
<p>◆ Taka þátt í árlegum fundum framkvæmdastjóra sveitarfélagasambanda á Norðurlöndum.</p>	

#### KJARA- OG LÍFEYRISMÁL

<p>◆ Vinna með kjarasviði að mótun markmiða og kjarasamningsstefnu sambandsins.</p>	
<p>◆ Taka áfram þátt í nefndum vegna endurskoðunar á lífeyrissjóðakerfinu á Íslandi.</p>	
<p>◆ Styðja sviðsstjóra og starfsmenn kjarasviðs við að ná markmiðum sambandsins í kjaramálum.</p>	
<p>◆ Taka þátt í störfum kjaramálaráðs hins opinbera og þróa verklagsreglur þess um nánara samstarf ríkis og sveitarfélaga í kjaramálum.</p>	

#### STARFSMANNAMÁL

<p>◆ Leggja áherslu á innri mál í starfsemi sambandsins.</p>	
<p>◆ Fylgjast með kjarapróun í sambærilegum störfum og sinnt er hjá sambandinu.</p>	



◆ Móta stefnu og gera viðbragðsáætlun í eineltismálum.	
◆ Yfirfara og ganga frá starfslýsingum sviðsstjóra.	
◆ Fullgera endurbætta starfsmanna- og jafnréttisstefnu sambandsins.	
◆ Stuðla að sí- og endurmenntun starfsmanna sambandsins.	
◆ Nýta möguleika framkvæmdastjóra að afla sér nýrrar þekkingar með þátttöku í fundum, ráðstefnum og námskeiðum innanlands sem erlendis.	

## ÖNNUR TILFALLANDI MÁL OG VERK Á GRUNDEVILLI MEGINMARKMIÐA OG HLUTVERKA SAMBANDSINS

◆ Framkvæmdastjóri sinnir fjölda annarra verkefna en þeirra sem getið er um hér að framan sem eru tilfallandi og byggjast á meginmarkmiðum sambandsins og hlutverkum þess. Við árangursmat fyrir árið 2016 verður þeirra getið eins og við á undir þessum lið.	
--	--

# Hag- og upplýsingasvið

## Hlutverk

Meginhlutverk hag- og upplýsingasviðs er upplýsingaöflun, úrvinnsla, miðlun og útgáfa á rekstrar-, efnahags- og hagrænum upplýsingum úr starfsemi sveitarfélaga til notkunar í samburði milli sveitarfélaga og hagsmunagæslu fyrir þau. Þá sinnir sviðið stoðþjónustu fyrir Samtök orkusveitarfélaga, Samtök sjávarútvegssveitarfélaga, Hafnasamband Íslands og Samtök sveitarfélaga á köldum svæðum.

## Leiðarljós

- Starfað sé eftir stefnumörkun Sambands íslenskra sveitarfélaga.
- Markviss og áreiðanleg úrvinnsla og dreifing upplýsinga sem varða hagsmuni sveitarfélaganna miklu.

## Meginmarkmið

- Að afla upplýsinga og gagna um rekstur og stöðu sveitarfélaga og/eða einstakra málaflokka og verkefnasviða.
- Að vinna upp og setja fram upplýsingar um rekstur og stöðu sveitarfélaga og/eða einstakra málaflokka og verkefnasviða.
- Að miðla nauðsynlegum upplýsingum til sveitarfélaga svo og annarra aðila sem láta sig varða málefni sveitarfélaga.

## Föst verkefni

- Að annast undirbúning og framkvæmd landsþings sveitarfélaga ásamt öðrum sviðum sambandsins.
- Að bera ábyrgð á og annast faglegan undirbúning dagskrár fyrir fjármálaráðstefnu sveitarfélaga. Starfsmenn sviðsins eru einnig virkir þátttakendur í ráðstefnunni við undirbúning ráðstefnunnar, með flutningi erinda og miðlun upplýsinga.
- Að taka saman upplýsingar úr ársreikningum sveitarfélaga er gefa samræmdar niðurstöður um rekstur og fjárhagsstöðu sveitarfélaga.
- Að vinna úr fjárhagsáætlunum og ársreikningum sveitarfélaga og undirstofnunum þeirra og birta helstu niðurstöður á skýran og aðgengilegan hátt. Bráðabirgðaniðurstöður eru gefnar út í sérstöku rafrænu fréttabréfi sem birt er á heimasíðu sambandsins.
- Að annast samantekt og úrvinnslu upplýsinga fyrir útgáfu Árbókar sveitarfélaga. Árbókin inniheldur margvíslegt efni um fjárhag og rekstur sveitarfélaganna og undirstofnana þeirra, svo og margháttaðan fróðleik er varðar Samband íslenskra sveitarfélaga. Árbókin er bæði gefin út í bókarmoti og í netútgáfu.

- Að annast samantekt og úrvinnslu fyrirbyggjandi upplýsinga um skólahlald í leik- og grunnskóla svo og tónlistarskóla eftir föngum. Niðurstöðurnar eru gefnar út í sérstakri skólaskýrslu sem gefin er út árlega. Skólaskýrslan er bæði gefin út í bókarformi og í netútgáfu.
- Að annast samantekt og úrvinnslu fyrirbyggjandi upplýsinga um félagsþjónustu sveitarfélaga. Niðurstöðurnar eru gefnar út í skýrslu um félagsþjónustu sveitarfélaga sem gefin er út árlega. Skýrslan er gefin út í netútgáfu.
- Að gera áætlun fyrir sveitarfélögin um líklegar staðgreiðslutekjur sveitarfélaga á komandi ári í tengslum við gerð fjárhagsáætlunar.
- Að annast eftirlit með uppgjöri og skilum á staðgreiðslu til sveitarfélaga og hafa samskipti við Fjárfélag ríkisins fyrir hönd þeirra.
- Að senda sveitarfélögum upplýsingar til stuðnings við gerð fjárhagsáætlana.
- Að taka saman upplýsingar um áhrif frumvarps til fjárlaga ríkisins fyrir sveitarfélögin.
- Að annast útgáfu á ársskýrslu Hafnasambands Íslands sem lögð er fyrir þing hafnasambandsins á haustdögum annað hvert ár og hafnafund annað hvert ár.
- Að annast skráningu upplýsinga er tengjast fjármálum sveitarfélaga inn á vef sambandsins.
- Að annast útgáfu fréttabréfs hag- og upplýsingasviðs sem gefið er út eftir þörfum. Það er eingöngu birt á vef sambandsins.
- Að vinna upp efni til birtingar í tímaritinu Sveitarstjórnarmál og í vefritinu „Tíðindi af vettvangi sambandsins“ eftir þörfum.
- Að annast efnisöflun og útgáfu upplýsingabæklinga á íslensku, ensku og sænsku um rekstur og fjárhagslega stöðu sveitarfélaganna. Bæklingarnir eru vistaðir á heimasíðu sambandsins.
- Að sitja í verkefnisstjórn Skólavogaráttarinnar. Skólavogin er samstarfsverkefni sambandsins og Skólaláttarinnar ehf.
- Að vinna með sérfræðingum lögfræði- og velferðarsviðs að ýmsum verkefnum sem varða málefni félagsþjónustu og fræðslumál sveitarfélaga eftir því sem þörf er á hverju sinni.
- Að vinna með lögfræði- og velferðarsviði að undirbúningi að umsögn um frumvörp til laga, reglugerðardrög og kostnaðarmat eftir því sem þörf er á hverju sinni.
- Að sjá um uppsetningu og kynningu á glærusýningum fyrir gesti sambandsins með ýmsum upplýsingum um fjárhag og rekstur sveitarfélaga í samstarfi við önnur svið sambandsins.
- Að annast samskipti við Jöfnunarsjóð sveitarfélaga varðandi útreikninga á framlögum sjóðsins til sveitarfélaganna og annað sem starfsemi sjóðsins varðar.
- Að annast rannsóknir og þróunarstarf sem varðar fjármál og rekstur sveitarfélaga eftir þörfum og tök eru á.
- Að annast erlend samskipti í málum sem fyrst og fremst tengjast rekstri og fjármálum sveitarfélaga.
- Reglulegt samstarf við Lánasjóð sveitarfélaga ohf.
- Sviðsstjóri situr stjórnarfundum sambandsins.
- Sviðsstjóri situr í reikningsskila- og upplýsinganefnd sveitarfélaga.

- Sviðsstjóri situr í samráðsnefnd ríkis og sveitarfélaga um efnahagsmál.
- Sérfræðingur sviðsins situr í verkefnisstjórn þróunarverkefnis um ytra mat á grunnskólum.
- Sérfræðingur sviðsins á sæti í skólateymi sambandsins. Skólateymið er yfirstjórn sambandsins og skólamálanefnd til stuðnings við úrlausn skólamálefna.
- Sérfræðingur sviðsins á sæti í samráðsnefnd leik- og grunnskóla.
- Sérfræðingur sviðsins starfar fyrir Samtök orkusveitarfélaga, Samtök sjávarútvegssveitarfélaga, Hafnasamband Íslands og Samtök sveitarfélaga á köldum svæðum.
- Sérfræðingar sviðsins eiga sæti í vinnumálateymi sambandsins.
- Sérfræðingur sviðsins situr í félagsþjónustuteymi sambandsins.
- Sérfræðingur sviðsins situr í Æskulýðsráði Íslands.
- Sérfræðingur sviðsins starfar með siðanefnd Sambands íslenskra sveitarfélaga.
- Sérfræðingur sviðsins vinnur að skipulagningu forvarnardagsins.
- Sviðsstjóri situr samráðs- og upplýsingafundi með fulltrúum Alþjóða gjaldeyrissjóðsins (AGS) og Efnahagssamvinnu- og þróunarstofnunarinnar (OECD) eftir því sem þörf krefur ásamt sérfræðingi frá kjarasviði.
- Sviðsstjóri tekur þátt í ársfundi hagdeilda norrænu sveitarfélagasambandanna, fjármálaráðstefnum norrænu sveitarfélagasambandanna eftir atvikum hverju sinni svo og öðrum ráðstefnum og fundum sem varða fjármál og rekstur sveitarfélaganna eftir því sem tók eru á og ástæða þykir til.
- Sviðsstjóri tekur þátt í aðalfundum landshlutasamtaka, annarra ársþinga, aðalfunda og fræðslufunda eftir því sem ástæða þykir til og aðstæður leyfa hverju sinni.
- Sviðsstjóri er áheyrnarfulltrúi í Eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga.

## Áhersluatriði 2016

<p>✚ Mæta þarf eftirspurn eftir námskeiðum í fjármálum, reikningsskilum, fjármálastjórn og fjárhagsáætlanagerð hjá sveitarfélögunum.</p>	
<p>✚ Ef frumvarp um opinber fjármál verður samþykkt á haustþingi 2015, þá liggur fyrir að mikil vinna er framundan hjá starfsfólki sviðsins við að mæta nýjum áherslum í fjárhagslegu samstarfi ríkis og sveitarfélaga.</p>	
<p>✚ Sviðsstjóri gegnir formennsku í Samráðsnefnd um efnahagsmál þetta tímabil. Mjög nauðsynlegt er að nefndin fái starfsmann til að mæta auknum verkefnum nefndarinnar með afgreiðslu frumvarps til laga um opinber fjármál vegna þeirra verkefna sem fyrirsjáanleg eru hjá nefndinni eftir afgreiðslu laganna.</p>	
<p>✚ Unnið verður að samningagerð um daggjöld fyrir hjúkrunarheimili á árinu eftir því sem þörf krefur eða þar til samningar takast.</p>	

<p>❖ Sviðsstjóri situr í starfshóp sem á að greina forsendur og móta stefnu í þjónustu við aldraðra fram til ársins 2035. Mjög líklegt er að verkefnið teygist fram á næsta ár.</p>	
<p>❖ Unnið verður áfram að niðurfellingu undanþága frá greiðslu fasteignaskatts til sveitarfélaganna í samstarfi við Samtök orkusveitarfélaga og Þjóðskrá. Megináherslan verði lögð á afnám á undanþágum orkufyrirtækja frá greiðslu fasteignaskatts. Skattlagning á vindmyllur verður skoðuð sérstaklega þar sem þar er um nýja tegund orkuframleiðslu að ræða hérlendis.</p>	
<p>❖ Unnið verði að þróun viðmiðs fyrir launasetningu sveitarstjórnarfólks. Óskir um slík viðmið koma víða að frá sveitarfélögum. Hefðbundin skýrsla um greiningu á launum og þóknunum sveitarstjórnarmanna verður unnin á árinu.</p>	
<p>❖ Líklega verður fjármálaráðstefna sótt hjá öðru norrænu ríki. Ekki er búið að taka ákvörðun um hvert verður farið.</p>	
<p>❖ Í lok árs 2016 mun þróunarverkefni um ytra mat á grunnskóla ljúka. Verkefnið er fjármagnað af mennta- og menningarmálaráðuneyti (60%) og Jöfnunarsjóði sveitarfélaga (40%). Vinna þarf að framgangi verkefnisins eftir að það færist af þróunarstigi á framkvæmdastig. Alls óvíst er hvort fjármagn berist áfram frá jöfnunarsjóði og hvernig fjármögnun þess verður háttáð. Líklegt er að viðkomandi sveitarfélög greiði sinn hluta sjálf. Lögð verður áhersla á að halda áfram samstarfi við mennta- og menningarmálaráðuneyti um ytra mat á grunnskólum.</p>	
<p>❖ Samningur við Skólapúlsinn ehf um framkvæmd og úrvinnslu Skólavogar rennur út í árslok 2016. Endurskoða þarf m.a. fyrirkomulag og kostnaðarskiptingu samkvæmt ábendingum þar um.</p>	
<p>❖ Hafnasambandsþing verður haldið 13.–14. október. Starfsmenn hag- og upplýsingasviðs mun annast undirbúning þess ásamt hefðbundinni skýrslugerð um afkomu hafnasjóða.</p>	
<p>❖ Fjármálaráðstefna sveitarfélaga verður haldin dagana 23. og 24. september. Hefja verður undirbúning síðla vetrar með hliðsjón af þessari tímasetningu. Tekin verður umræða um hvort eigi að hafa mun afmarkaðri þemu í málstofum seinni dag ráðstefnunnar.</p>	
<p>❖ Sérfræðingur sviðsins tekur sæti í starfshóp sem mun vinna að aðgerðaáætlun í æskulýðsmálum í samvinnu við þróunar og alþjóðasvið.</p>	
<p>❖ Sérfræðingur sviðsins vinnur að samræmingu og sískráningu á upplýsingum um fjárhagsaðstoð sveitarfélaga.</p>	
<p>❖ Sérfræðingur sviðsins mun aðstoða starfsmenn IRR áfram við endurskoðun reglna fyrir Jöfnunarsjóð sveitarfélaga.</p>	

<p>❖ PC Web viðmót í Upplýsingaveitu sveitarfélaga verður uppfært á árinu.</p>	
<p>❖ Sérfræðingur sviðsins mun starfa að frágangi samnings við Fjölís á árinu í samvinnu við lögfræði- og velferðarsvið.</p>	
<p>❖ Unnið verður að endurmenntun starfsmanna á árinu á ýmsan hátt m.a. með þátttöku í ráðstefnum erlendis.</p>	
<p>❖ Ræða þarf fyrirkomulag útgáfu og upplýsingagjöf vegna félagsþjónustu og skólamála. Endurskoða þarf birtingaráætlunina í tengslum við það verk.</p>	
<p>❖ Samstarfs við Byggðastofnun um greiningu á fjármálalegum upplýsingum.</p>	
<p>❖ Samstarf við Háskólann á Akureyri vegna úttekta á byggðasamlögum sveitarfélaga.</p>	
<p>❖ Sérfræðingur vinnur að úttekt á skóla án aðgreiningar í samvinnu við lögfræði- og velferðarsvið.</p>	
<p>❖ Greina stöðu sveitarfélaga sem eru að greiða hallarekstur vegna hjúkrunarheimila.</p>	
<p>❖ Unnið verður með öðrum starfsmönnum sambandsins og þeim sveitarfélögum sem málið varðar að undirbúningi að móttöku kvótaflóttafólks og hælisleitenda eftir því sem þörf krefur. Megináhersla verður lögð á kostnaðargreiningu.</p>	
<p>❖ Sérfræðingur á hag- og upplýsingasviði aðstoðar framkvæmdastjóra sambandsins, sviðsstjóra lögfræði- og velferðarsviðs sambandsins og sviðsstjóra þróunar- og alþjóðasviðs sambandsins við mat umsókna um styrki til meistaranema og leggja fyrir stjórn sambandsins sem tekur ákvörðum um styrkveitingar.</p>	

# Kjarasvið

---

## Hlutverk

---

Kjarasviðið hefur það meginhlutverk að þjóna sveitarfélögum á sviði kjaramála, vinnumarkaðsmála og mannauðsmála. Kjarasvið annast einnig kjarasamningagerð og hefur fyrirvar í kjaramálum fyrir þau sveitarfélög sem veita umboð sitt til þess. Kjarasvið hefur frumkvæði að rannsóknum og sinnir upplýsingagjöf til sveitarfélaga um kjaramál, vinnumarkaðsmál og mannauðsmál.

---

## Leiðarljós

---

- Að mæta þörfum og væntingum sveitarfélaga á sviði kjaramála, vinnumarkaðsmála og mannauðsmála og þjóna sérstaklega þeim starfsmönnum sem vinna við framkvæmd kjarasamninga.

---

## Meginmarkið

---

- Annast kjarasamningsgerð og hafa fyrirvar í kjaramálum fyrir þau sveitarfélög sem veita umboð sitt til þess.
- Veita sveitarfélögum faglega ráðgjöf og þjónustu á sviði kjaramála, mannauðsmála og vinnumarkaðsmála og eiga gagnvirkt samráð við sveitarfélög á því sviði.
- Styðja sveitarfélög í að sinna vinnuveitendahlutverki sínu.
- Annast kjararannsóknir og gagnagrunni kjarasviðs.
- Að kostnaðarauki sveitarfélaga vegna kjarasamninga taki mið af fjárhagsgetu þeirra, almennri kjarapróun og séu í samræmi við efnahagsleg markmið hverju sinni.
- Tryggja jafnræði í launasetningu starfsmanna sveitarfélaga þ.e. að sambærileg og jafnverðmæt störf séu launuð með sama hætti óháð kynferði, búsetu eða stéttarfélagsaðild.
- Próa starfsmatskerfið SAMSTARF og fjölga samstarfsaðilum um verkefnið.
- Stefna að samræmingu almennra grunnþátta kjarasamninga.
- Auka sveigjanleika kjarasamninga til að mæta þróun í starfsemi einstakra rekstrareininga.
- Draga eins og kostur er úr ákvæðum kjarasamninga sem eru ákvarðandi um fyrirkomulag og framkvæmd á starfsemi einstakra rekstrareininga.
- Auka hvata til viðurkenndrar sí- og endurmenntunar í kjarasamningum.
- Að taka þátt í og efla samstarf aðila vinnumarkaðarins.
- Að vinna að endurskoðun lífeyriskerfisins í samvinnu við aðra aðila vinnumarkaðarins.

---

## Föst verkefni

---

- Kjarasamningagerð f.h. stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga.
- Gerð tilheyrandi kostnaðarmats í tengslum við kjarasamninga.
- Undirbúningur kjarastefnu og samningsmarkmiða stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga.
- Ráðgjöf og fræðsla til sveitarfélaga um kjaramál, vinnurétt og mannauðsstjórnun.
- Framkvæmd kjararannsókna.
- Gerð kjarakannana.
- Þátttaka í samstarfsnefndum kjarasamninga og annarra nefnda sem tengjast kjaramálum sveitarfélaga.
- Úrvinnsla bókana með kjarasamningum.
- Vöktun vinnumarkaðslöggjafar ESB.
- Seta í stjórnnum starfsmenntunarsjóða stéttarfélaga.
- Samráð og samvinna við fulltrúa vinnuveitenda á opinberum og almennum vinnumarkaði.
- Samskipti við stéttarfélög og aðra aðila vinnumarkaðar.
- Þátttaka í nefndar- og stjórnarstörfum í tengslum við kjaramál og önnur mál er varða íslenskan vinnumarkað.
- Umsjón með símenntun fyrir þá starfsmenn sveitarfélaga er annast framkvæmd kjarasamninga.
- Samstarf við Hagstofu Íslands.
- Norrænt samstarf um kjaramál.
- Norrænt samstarf um vinnurétt.

---

## Fastanefnd

---

### KJARAMÁLANEFND

Nefndin er ráðgefandi fyrir stjórn og kjarasvið sambandsins í vinnumarkaðsmálum, kjarasamningagerð og við undirbúning kjarastefnu og samningsmarkmiða Sambands íslenskra sveitarfélaga.

---

## Nefndastörf

---

- Samstafsnefnd um launaupplýsingar og efnahagsforsendur kjarasamninga (SALEK).
- Stjórn Vinnumálastofnunar.
- Stjórn Vinnueftirlitsins.
- Stjórn Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins.
- Stjórn Fræðslusjóðs atvinnulífsins.



- Stjórnir mannauðssjóða stéttarféлага (Kjölur, Samflot, KRG, LSS og Sveitamennt).
- Starfsmatsnefnd.
- Matsnefnd kennara.
- Undanþágunefnd.
- Vonarsjóður.
- Starfsmenntunarsjóður FT.
- Starfsmenntunarsjóður FÍH.
- Virk, starfsendurhæfingarsjóður.
- Starfsgreinaráð heilbrigði, félags- og uppeldisgreina.
- Starfsgreinaráð umhverfis- og landbúnaðargreina.
- Aðgerðarhópur um launajafnrétti.
- Vinnustaðanámssjóður.
- Aðgerðarhópur um launajafnrétti
- Stjórn Lífeyrissjóðs starfsmanna sveitarfélaga.
- Samstarfsnefnd ríkis og sveitarfélaga um efnahagsmál.
- Hagstjórnarhópur vegna innleiðingar laga um opinber fjármál. Jafnframt eftirtaldir undirhópa um:
- Þjóðhagslíkan.
- Langtímalíkan.
- Fjármálaráð.

## Áhersluatriði 2016

### INNRA STARF KJARASVIÐS

<p>⊠ Huga þarf að eflingu símenntunar og starfsþróunar sérfræðinga kjarasviðs. Sérstaklega verði hugað að efla þekkingu í samningatækni.</p>	
<p>⊠ Starfsþróunarsamtöl verða í mars.</p>	
<p>⊠ Starfslýsingar, verkaskipting og forgangsröðun verkefna verður yfirfarin með sérfræðingum sviðsins. Markmið vinnunnar er að jafna verkefnaálagi og auka starfsánægju.</p>	

### KJARAVIÐRÆÐUR 2016

<p>⊠ Lokið verður þeim kjarasamningum sem kunna að vera ólokið frá árinu 2015.</p>	
--	--

- ◆ Teknar verða upp kjaraviðræður við Félag grunnskólakennara, en kjarasamningur þeirra rennur út 31. maí 2016.

## ÚRVINNSLA KJARASAMNINGA ÁRSINS 2015

- ◆ Hafist verður handa við úrvinnslu verkefna, tengdum bókunum sem fylgja kjarasamningum gerðum á árunum 2015 og 2016.
- ◆ Haldnir verða fundir með launafulltrúum þar sem kynntar verða breytingar í nýjum kjarasamningum.

## STARFSMAT

- ◆ Framkvæmdanefnd starfsmatsnefndar mun standa fyrir kynningu á starfsmatskerfinu bæði fyrir starfsmenn sveitarfélaga og fyrir starfsmenn stéttarféлага. Áfram verður unnið að þróun starfsmatskerfisins í samstarfi við stéttarfélag og að uppbyggingu Verkefnastofu starfsmats.

## SALEK, SAMSTARF AÐILA VINNUMARKAÐARINS

- ◆ SALEK hópurinn mun starfa áfram að gerð vinnumarkaðslíkans sem stefnt er að því að taka upp árið 2019.
- ◆ Hópurinn innan SALEK sem stóð að rammasamkomulaginu mun einnig fylgja eftir þeim verkefnum sem rammasamkomulagið nær til.

## NORRÆNT SAMSTARF

- ◆ Í janúar verður Samband íslenskra sveitarfélaga gestgjafi fyrir fund sviðsstjóra kjarasviða norrænu sveitarfélagasambandanna.
- ◆ Í maí verður Samband íslenskra sveitarfélaga gestgjafi fyrir fund vinnuréttarlögfræðinga norrænu sveitarfélagasambandanna.
- ◆ Stefnt er að frekara samstarfi við Kommunala Arbeidsgevarafelagið í Færeyjum.

## SAMRÁÐ, LEIÐBEININGAR OG FRÆÐSLA

- ◆ Fræðslufundir verða haldnir fyrir launafulltrúa um sértæk málefni.
- ◆ Samráðsfundir verða haldnir með mannauðsstjórum sveitarfélaga.

◆ Upplýsingar og leiðbeiningar varðandi kjaramál á vef sambandsins verða uppfærðar.

# Lögfræði- og velferðarsvið

---

## Hlutverk

---

Meginhlutverk lögfræði- og velferðarsviðs er að gæta hagsmuna sveitarfélaga við undirbúning og setningu löggjafar og stjórnvaldsfyrirmæla sem snerta sveitarstjórnarstigið og vinna að stefnumótun og þróunarverkefnum á sviði skólamála, félagsþjónustu og umhverfismála. Einnig er sviðið stoðdeild fyrir önnur svið sambandsins og veitir sveitarfélögum almenna þjónustu.

---

## Leiðarljós

---

- Að gæta hagsmuna sveitarfélaga með öflugum og skilvirkum hætti með það að meginmarkmiði að standa vörð um sjálfsstjórnarrétt þeirra auk markvissrar upplýsingaöflunar og -miðlunar til sveitarfélaga.
- Við framkvæmd verkefna sviðsins er ávallt höfð hliðsjón af stefnumörkun sambandsins fyrir árin 2014-2018 auk stefnu sem kann að vera mótuð fyrir einstök málefnasvið.

---

## Meginmarkmið

---

- Að móta stefnu og fylgjast með lögfræðilegum og faglegum þáttum í starfsemi og starfsumhverfi sveitarfélaga og miðla þeirri þekkingu þannig að hún nýtist í starfsemi Sambands Íslenskra sveitarfélaga og sveitarfélaga almennt.
- Að eiga samskipti við Alþingi, ráðuneyti og aðrar stofnanir til að gæta hagsmuna sveitarfélaga og m.a. tryggja að verkefnaskipting milli ríkis og sveitarfélaga sé í senn eðlileg og sanngjörn með tilliti til ábyrgðar á faglegum og fjárhagslegum þáttum. Sérstök áhersla er lögð á að tryggja þessa þætti við undirbúning löggjafar og við setningu reglugerða.
- Vinna að framkvæmd lögbundins kostnaðarmats lagafrumvarpa, tillagna að stjórnvaldsfyrirmælum og annarra stefnumarkandi ákvarðana af hálfu stjórnvalda ríkisins sem varða sveitarfélögin.

---

## Föst verkefni

---

- Undirbúningur og gerð umsagna um lagafrumvörp og önnur þingmál, drög að reglugerðum og öðrum stjórnvaldsfyrirmælum, auk leiðbeininga til sveitarfélaganna.
- Lögfræðileg ráðgjöf og upplýsingagjöf fyrir sveitarfélög, m.a. um innleiðingu nýrra laga og stjórnvaldsfyrirmæla sem snerta starfsemi sveitarfélaga.
- Eftirfylgni gagnvart stjórnvöldum um hagsmunamál sveitarfélaga, m.a. á grundvelli umsagna og stefnumörkunar landsþinga og stjórnar sambandsins.

- Málefna- og stefnumótunarvinna í skólamálum. Umsjón með störfum skólamálanefndar sambandsins. Skólalæing sveitarfélaga (haldið annað hvert ár) og málþing sambandsins um skólamál (haldið annað hvert ár).
- Pátttaka í sameiginlegri verkefnisstjórn með mennta- og menningarmálaráðuneytinu vegna ytra mats á skólastarfi.
- Málefna- og stefnumótunarvinna á sviði félagsþjónustu sveitarfélaga. Umsjón með starfi félagsþjónustunefndar sambandsins.
- Pátttaka í verkefnisstjórnnum með fulltrúum ráðuneyta og hagsmunasamtaka um þróun helstu málaflokka innan velferðarþjónustunnar, einkum málefni fatlaðs fólks og aldraðra.
- Pátttaka í samráði umhverfis- og auðlindaráðuneytis, Umhverfisstofnunar og utanríkisráðuneytisins um efnamál, umhverfis, mengun, loft og haf (áður teymisfundir um sömu málefni). Breyta þessum lið í takt við endurskoðaðan samstarfssamning við UAR. Teymin eru hætt að funda.
- Málefna- og stefnumótunarvinna í skipulagsmálum. Umsjón með störfum skipulagsmálanefndar sambandsins.
- Gæta hagsmuna sveitarfélaga varðandi þróun ferðaþjónustu og uppbyggingu innviða fyrir ferðamenn, aðstoð við fulltrúa sambandsins í stjórn Stjórnstöðvar ferðamála.
- Umsjón með verkefnisstjórn um hagsmunagæslu í úrgangsmálum og samskipti við stofnanir ríkisins og fulltrúa atvinnulífsins um úrgangsmál. Vinna að framgöngu megináherslna í úrgangsmálum sem stjórn sambandsins samþykkti 2009.
- Seta í nefnd sem gerir tillögur um einföldum leyfisveitinga og eftirlits.
- Að gæta hagsmuna sveitarfélaga almennt við framkvæmd innkaupareglna og stuðla að því að þau fái sem besta leiðsögn í slíkum málum m.a. með miðlun upplýsinga frá þeim aðilum sem mesta reynslu hafa á þessu sviði.
- Samskipti við fulltrúa sambandsins í nefndum og ráðum sem tengjast verkefnum sviðsins.
- Áframhaldandi samstarf við Skólalæingrafélag Íslands um málefni grunnskóla, þ.m.t. að efla stjórnendur í starfi með markvissri starfsþróun.
- Vinna að auknu samstarfi við Félag stjórnenda í leikskólum og Félag leikskólakennara um málefni leikskóla.
- Seta í stjórn Sprotasjóðs.
- Seta í stjórn verkefna- og námsstyrkjasjóðs FG og SÍ (Vonarsjóður).
- Seta í stjórn og umsýsla með Námsleyfasjóði kennara og stjórnenda í grunnskólum.
- Seta í stjórn og umsýsla með Endurmenntunarsjóði grunnskóla.
- Umsýsla með Námsgagnasjóði.
- Seta í stjórn Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða.
- Pátttaka í starfshópi til að meta kostnaðaráhrif laga um leik- og grunnskóla.
- Pátttaka í samstarfshópi um Dag leikskólans.
- Pátttaka í faghópi og ráðgjöf vegna heilsueflandi leik- og grunnskóla á vegum Embættis landlæknis.

- Seta í fagráði um símenntun- og starfsþróun kennara.
- Þátttaka í samráðshópi um Menntamiðju sem hýsir m.a. Tungumálatorg, Náttúrutorg, Sérkennslutorg, Upplýsingatorg og heimasíðu GERT-verkefnisins.
- Seta í nefnd um opinberar eftirlitsreglur.
- Seta í samráðsnefnd um húsaleigubætur.
- Seta í Velferðarvaktinni
- Seta í réttindavakt velferðarráðuneytisins.
- Frumkvæði að upplýsingagjöf til sveitarfélaga um verkefni sviðsins, m.a. á heimasíðu og í Sveitarstjórnarmál og Tíðindi.
- Fylgjast með þróun löggjafar um sveitarstjórnarstigið í nágrennalöndum og koma á framfæri hugmyndum um frekari þróun löggjafar hér á landi.
- Fylgjast með stefnum og straumum í faglegum eignum í þeim mállefnum sem tengjast verkefnum sviðsins.
- Greining á niðurstöðum stjórnvaldsúrskurða, dóma og álitum umboðsmanns Alþingis í málum sem varða sveitarfélögin og eftirfylgd með upplýsingum, ráðgjöf og greinaskrifum þegar við á.
- Þátttaka í starfi Evrópusamtaka sveitarfélaga (CEMR) og samtakanna Municipal Waste Europe.
- Þátttaka í starfi European Social Network (ESN).
- Námskeiðahald og þátttaka í ráðstefnum um sveitarstjórnarmállefni og fagleg mállefni.
- Þátttaka í ýmsum nefndum og starfshópum er varða hagsmuni sveitarfélaga.
- Aðstoð við gerð umsagna fyrir stjórn Hafnasambands Íslands.
- Lögfræðileg ráðgjöf til Lánasjóðs sveitarfélaga ohf.

---

## Fastir viðburðir

---

- Árlegur samráðsfundur Skipulagsstofnunar og sveitarfélaga.
- Árlegur samráðsfundur Mannvirkjastofnunar og byggingarfulltrúa.
- Tveir samstarfsfundir á ári við Menntavísindasvið Háskóla Íslands
- Þrjú fundir á ári með samstarfsnefnd leik- og grunnskóla
- Dagur leikskólans 6. febrúar
- Vor- og haustfundur Grunns.
- Vor- og haustfundur Samtaka félagsmálastjóra.
- Vor- og haustfundur Samtaka tæknimanna.
- Vor- og haustfundur Samtaka heilbrigðiseftirlitssvæða og samstarfsstofnana.
- Vor- og haustráðstefna FENÚR.

---

## Fastanefndir

---

### SKÓLAMÁLANEFND

- Nefndin er ráðgefandi fyrir stjórn og starfsmenn sambandsins í fræðslumálum almennt, þ.e. málefnum leikskóla, grunnskóla, framhaldsskóla og tónlistarskóla. (frístundastarf?)

### SKIPULAGSMÁLANEFND

- Hlutverk nefndarinnar er m.a. að vera ráðgefandi fyrir stjórn og starfsmenn sambandsins í skipulagsmálum, svo sem varðandi fyrirhugaðar lagabreytingar, aðkomu að gerð landsskipulagsstefnu, og fylgjast með þróun umhverfislöggjafar sem tengist skipulagsgerð sveitarfélaga.

### FÉLAGSPJÓNUSTUNEFND

- Hlutverk nefndarinnar er að vera ráðgefandi fyrir stjórn og starfsmenn sambandsins um verkefni sveitarfélaga á sviði velferðarmála og flutning verkefna á því sviði frá ríki til sveitarfélaga.

### VERKEFNISSTJÓRN UM ÚRGANGSMÁL

- Hlutverk verkefnisstjórnar er að standa vörð um hagsmuni sveitarfélaga á sviði úrgangsmála og vera ráðgefandi fyrir stjórn sambandsins og sveitarfélög og fyrirtæki þeirra um úrgangsmál.

---

## Áhersluatriði 2016

---

### ALMENN VERKEFNI

⊞ Vinna að undirbúningi framhaldsnámskeiða fyrir sveitarstjórnarmenn	
⊞ Ljúka starfsþróunarsamtölum við starfsmenn sviðsins.	
⊞ Gæta hagsmuna sveitarfélaga gagnvart frumvarpi til laga um opinber innkaup.	
⊞ Gæta hagsmuna sveitarfélaga við endurskoðun laga um lögheimili og almannaskráningu og þrýsta á um að þeirri vinnu ljúki sem fyrst.	
⊞ Gæta hagsmuna sveitarfélaga við mótun tillagna um breytingar á skattlagningu eða auðlindagjald af raforkuframleiðslu.	
⊞ Seta í nefnd um breytingar á löggjöf um leyfisveitingar og eftirlits með atvinnurekstri og sameiningu eftirlitsverkefna og eftirlitsstofnana.	

<p>✦ Skoðun á áhrifum breytinga á úrskurðaframkvæmd, með sameiningu kæruneftnda og breyttu eftirlitshlutverki ráðuneytis sveitarstjórnarmála í sveitarstjórnarlögum.</p>	
<p>✦ Fræðsla og ábendingar til sveitarfélaga um þjónustugjöld og samræmingu gjaldskráa.</p>	
<p>✦ Vinna að framþróun kostnaðarmats lagafrumvarpa, stjórnvaldsfyrirmæla og stefnumarkandi ákvarðana.</p>	
<p>✦ Undirbúa endurskoðun ákvæða sveitarstjórnarlaga um fjármál sveitarfélaga, sem á að ljúka innan fimm ára frá gildistöku laganna.</p>	
<p>✦ Aðkoma að verkefnum sem tengjast innleiðingu laga um opinber fjármál</p>	
<p>✦ Aðstoða sveitarfélögin við endurskoðun samninga um samvinnu sveitarfélaga, með hliðsjón af ákvæðum sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.</p>	
<p>✦ Gerð leiðbeininga til sveitarfélaga um framkvæmd upplýsingalaga að teknu tilliti til nýrra ákvæða um upplýsingamiðlun að frumkvæði stjórnvalda.</p>	
<p>✦ Undirbúa stutt netnámskeið fyrir kjörna fulltrúa og stjórnendur sveitarfélaga um hagnýt mál sem reynir á í þeirra störfum.</p>	
<p>✦ Fundur lögfræðinga norrænu sveitarstjórnarsambandanna verður haldinn hér á landi í maí.</p>	
<p>✦ Viðræður við velferðarráðuneytið, mennta- og menningarmálaráðuneytið og fleiri ríkisstofnanir um fækkun grárra svæða á sviði skóla- og velferðarmála.</p>	
<p>✦ Eftirfylgni við innleiðingu á SIS-mati (Support Intensity Scale) fyrir börn, sem ætlað er að mæla þörf fyrir sértækari stuðning bæði í skólastarfi og daglegu lífi barna, jafnframt því að taka þátt í mótun verklags um fyrirlögn og úrvinnslu matsins.</p>	
<p>✦ Greining á áhrifum alþjóðlegra mannréttindasamninga á starfsemi sveitarfélaga, einkum barnasáttmála SP og samnings um réttindi fatlaðs fólks, sem bíður fullgildingar af Íslands hálfu.</p>	

## SKÓLAMÁL

<p>✦ Stuttir opnir fundir verða haldnir um ýmis fagleg málefni, m.a. um úttekt á menntastefnu um skóla án aðgreiningar.</p>	
<p>✦ Ljúka endurskoðun áherslna sambandsins í skólamálum á grundvelli nýrrar stefnumörkunar m.a. með umræðu í skólamálanefnd.</p>	



<p>❖ Vinna með verkefnisstjórn til að ljúka innleiðingu vinnumats grunnskólakennara.</p>	
<p>❖ Þátttaka í innleiðingu aðgerðaáætlana Hvítbókar um umbætur í menntun er lúta að læsi, endurskipulagningu námstíma í framhaldsskólum og starfsnámi, og fylgja þeim eftir þar sem við á.</p>	
<p>❖ Þátttaka í úttekt Evrópumíðstöðvar um nám án aðgreiningar og sérþarfir á íslenskri menntastefnu um skóla án aðgreiningar.</p>	
<p>❖ Kortleggja þjónustu leik-, grunn- og framhaldsskóla við börn með annað móðurmál en íslensku, m.a. í tengslum við móttöku flóttamanna og hælisleitenda, og stuðla að aukinni samvinnu um málefnið.</p>	
<p>❖ Þátttaka í nefnd um endurskoðun löggjafar um sjálfstætt starfandi skóla.</p>	
<p>❖ Setja í starfshópi á vegum Menntamálastofnunar vegna nýs námsmats í grunnskólum.</p>	
<p>❖ Vinna að bættu flæði og auknu samstarfi milli skólastiga og framgangi áhersla sambandsins um að stytta heildarnámstíma til loka framhaldsskóla í samráði við mennta- og menningarmálaráðuneyti, m.a. í tengslum við Hvítbók um umbætur í menntun.</p>	
<p>❖ Vinna að því að starfshópur um skil grunn- og framhaldsskóla verði virkjaður að nýju.</p>	
<p>❖ Vinna áfram að því að leyfisbréf kennara, með til þess bæra menntun, tryggji þeim kennsluréttindi á aðliggjandi skólastigum.</p>	
<p>❖ Þátttaka í frekari þróun tillagna í skýrslu um eflingu leikskólans um þrepaskipt leikskólakennaranám og kynningu á mismunandi námsleiðum.</p>	
<p>❖ Þátttaka í fagraði um símenntun og starfsþróun kennara. Miðlun upplýsinga til sveitarfélaga um hlutverk, ábyrgð og skyldur þeirra vegna starfsþróunar starfsmanna og hvatning um að starfsþróun kennara, skólastjórnenda og annarra starfsmanna skóla verði forgangsverkefni.</p>	
<p>❖ Vinna úr greiningu á niðurstöðum TALIS, könnunar OECD á starfsaðstæðum, viðhorfum og kennsluháttum í grunnskólum í alþjóðlegum samanburði.</p>	
<p>❖ Vinna að því að lagt verði mat á inntak kennaramenntunar í samráði við kennaramenntunardeildir háskólanna að teknu tilliti til menntastefnu og þarfa skólastarfs á hverjum tíma.</p>	
<p>❖ Áframhaldandi samstarf við Samtök iðnaðarins og mennta- og menningarmálaráðuneytið um GERT-verkefnið.</p>	

<p>❖ Vinna að framfylgd samkomulags sveitarfélaga og Sjúkratrygginga Íslands frá 8. maí 2014 um skiptingu ábyrgðar vegna talmeinaþjónustu við leik- og grunnskólabarna. Vinna jafnframt að brautargengi rammisamnings milli SÍ og sveitarfélaga eða stofnana þeirra frá 13. maí 2015 sem heimilar sveitarfélögum m.a. að innheimta hlutdeild ríkis í talþjálfun að 2/3 hlutum. Stefna þarf að því að hækka það hlutfall við endurskoðun samningsins.</p>	
<p>❖ Þátttaka í starfshópi mennta- og menningarmálaráðuneytis um málefni barna og ungmenna með tal- og málþroskaraskanir. Unnið verður að framtíðarskipulagi málaflokksins og tillögur lagðar fram þar um.</p>	
<p>❖ Þátttaka í starfi stýrihóps og verkefnisstjórnar um framkvæmd þróunarverkefnis um ytra mat í grunnskólum. Unnið verður áfram að því á árinu að festa verkefnið í sessi til framtíðar.</p>	
<p>❖ Gæta hagsmuna sveitarfélaga við gerð frumvarps til laga um tónlistarskóla.</p>	
<p>❖ Vinna að samkomulagi um kostnaðar- og ábyrgðarskiptingu ríkis og sveitarfélags vegna tónlistarnáms, á grundvelli tillagna starfshóps um framtíðarfyrirkomulag framhaldsnáms í tónlist.</p>	
<p>❖ Ítreka ósk um formlegar viðræður við mennta- og menningarmálaráðuneytið um framtíðarfyrirkomulag Námsgagnasjóðs og Endurmenntunarsjóðs grunnskóla.</p>	
<p>❖ Samvinna við hag- og upplýsingasvið sambandsins um úttekt á starfsemi og rekstri tónlistarskólanna þannig að fyllri og ítarlegri upplýsingar um starfsemi þeirra verði tiltækar á einum stað.</p>	
<p>❖ Þátttaka í samráðshópi vegna verkefnisins Ráðgjöf og leiðsögn við fullorðna (Guidance and Orientation for Adult Learners; GOAL)</p>	
<p>❖ Þátttaka í starfshópi um frumkvæðisúttekt Persónuverndar vegna Mentor.</p>	
<p>❖ Þátttaka í norrænni ráðstefnu – Den Gode Skoleeier.</p>	
<p>❖ Þátttaka á norska skólaþinginu 14.-15. janúar 2016: Liv og læring for framtida</p>	
<p>❖ Þátttaka á danska skólaþinginu, sem haldið verður 19.-20janúar 2016: Væksthus for læring.</p>	

## FÉLAGSPJÓNUSTA

<p>❖ Vinna áfram að framgangi lagafrumvarps um virka velferðarstefnu á Alþingi.</p>	
---	--

<p>❖ Koma á markvissri vinnu með ráðuneytum og stofnunum ríkisins um fækkun grárra svæða í velferðarþjónustu.</p>	
<p>❖ Gæta hagsmuna sveitarfélaga vegna lagafrumvarps og reglugerða um húsnæðisbætur.</p>	
<p>❖ Gæta hagsmuna sveitarfélaga í tengslum við stefnumótun um húsnæðismarkað, þar með talið lánamál, og gerð reglugerða sem snerta hlutverk sveitarfélaga í húsnæðismálum.</p>	
<p>❖ Þátttaka, ásamt öðrum fulltrúum sveitarfélaga, í heildarendurskoðun laga um félagsþjónustu sveitarfélaga og laga um málefni fatlaðs fólks, í samræmi við stefnumörkun sambandsins 2014 - 2018. Skilgreina þarf áfanga sem ná megi á árinu 2016.</p>	
<p>❖ Útfærsla á samstarfi við Vinnumálastofnun og fleiri aðila um framtíðarfyrirkomulag atvinnumála fatlaðs fólks og annarra þeirra, sem standa höllum fæti gagnvart vinnumarkaði.</p>	
<p>❖ Samstarf við Tryggingastofnun og fleiri opinberar stofnanir um bættu upplýsingamiðlun milli opinberra aðila í málum þar sem upp kemur rökstuddur grunur um bótasvik og aðgerðir til að draga úr bótasvikum.</p>	
<p>❖ Áframhaldandi vöktun á þróun þjónustupátta og afkomu og rekstrar málaflökks fatlaðs fólks eftir að endurmatsvinnu lýkur.</p>	
<p>❖ Vinna að úrlausn þjónustupátta sem tengjast málefnum fatlaðs fólks, sem ekki var lokið við í tengslum við endurmat á yfirfærslunni. Þeir eru einkum:</p> <ol style="list-style-type: none"> <li>1) úrræði fyrir börn með fjölþættan og samsettan vanda.</li> <li>2) Lengd viðvera fatlaðra barna</li> <li>3) Öryggisgæsla</li> <li>4) Grá svæði gagnvart heilbrigðisþjónustu</li> </ol>	
<p>❖ Þróunarstarf í málefnum fatlaðs fólks, m.a. með þátttöku í samráðsnefnd um málefni fatlaðs fólks og öðrum starfshópum og ráðum. Vinna verður sérstaklega lögð í framlengingu á framkvæmdaáætlun í málefnum fatlaðs fólks, á grundvelli áherslna í stefnumörkun sambandsins 2014 – 2018, og uppbyggingu húsnæðisúrræða.</p>	
<p>❖ Vinna að því að greina og kynna möguleika á nýtingu velferðartækni til að þróa þjónustu sveitarfélaga.</p>	
<p>❖ Eftirfylgni við nýtt verklag um einstaklingsbundnar þjónustuáætlanir í málefnum fatlaðs fólks og fyrirlögn/úrvinnslu SIS-mats.</p>	

<p>❖ Seta í verkefnisstjórn um notendastýrða persónulega aðstoð og þátttaka í úttekt á reynslunni af því verkefni, með hliðsjón af fenginni reynslu hér á landi og þróun í öðrum norrænum ríkjum.</p>	
<p>❖ Rýni á kröfur um rýmisstærðir, aðbúnað og mönnun í sértækum húsnæðisúrræðum, bæði fyrir fatlað fólk og aldraða.</p>	
<p>❖ Áframhaldandi vinna við stefnumótun og úrbætur í þjónustu við aldrað fólk þátttaka í nefndum og sérfræðiteymum um einstaka þætti.</p>	
<p>❖ Veita sveitarfélögum, sem reka þjónustu við aldrað fólk, áframhaldandi stuðning í samskiptum við ríkið.</p>	
<p>❖ Gæta hagsmuna sveitarfélaga gagnvart frumvarpi um málefni útlendinga, með áherslu á hlutverk félagsþjónustu sveitarfélaga.</p>	
<p>❖ Aðstoð við sveitarfélög vegna móttöku flóttamanna, s.s. við gerð samninga og þekkingarmiðlun.</p>	
<p>❖ Gæta hagsmuna sveitarfélaga við samþykkt og innleiðingu geðheilbrigðisstefnu.</p>	
<p>❖ Gæta hagsmuna sveitarfélaga við mótun fjölskyldustefnu.</p>	
<p>❖ Þátttaka í vinnu við endurskoðun reglugerðar um dagforeldra.</p>	
<p>❖ Þátttaka í nefnd um tillögur að nýju fyrirkomulagi almannatrygginga og samspili þeirra við lífeyrissjóði og önnur framfærslukerfi, þar á meðal fjárhagsaðstoð sveitarfélaga. Eftirfylgni við tillögurnar með gerð umsagna og þátttöku í almennri umræðu.</p>	
<p>❖ Frekari þróun á samvinnu við Vinnumálastofnun, um ráðgjöf og úrræði fyrir þá sem fá fjárhagsaðstoð en eiga ekki rétt til atvinnuleysisbóta.</p>	
<p>❖ Samræming upplýsingaöflunar og söfnun samtímaupplýsinga frá félagsþjónustu sveitarfélaga samhliða uppbyggingu miðlægra gagnasafna, í samvinnu við hag- og upplýsingasvið.</p>	
<p>❖ Seta í starfshópi um málefni utangarðsfólks.</p>	
<p>❖ Fræðsluferð til Danmerkur, til að fræðast um málefni félagsþjónustu og aðgerðir gegn bótasvikum.</p>	

## UMHVERFIS- OG TÆKNIMÁL

<p>❖ Þátttaka í vinnu við gerð heildstæðs lagaramma um nýtingu vindorku.</p>	
--	--

❖ Þátttaka í vinnu við endurskoðun löggjafar um skattlagningu virkjana.	
❖ Aðstoð við fulltrúa sambandsins í stjórn Stjórnstöðvar ferðamála.	
❖ Gæta hagsmuna sveitarfélaga við gerð fyrstu landsáætlunar um uppbyggingu innviða í ferðaþjónustu.	
❖ Vinna að því að tryggja sveitarfélögum tekjur vegna fjölgunar erlendra ferðamanna.	
❖ Skýra verkaskiptingu milli sveitarfélaga og stofnana ríkisins, s.s. Vegagerðarinnar, varðandi uppbyggingu innviða fyrir ferðamenn.	
❖ Gæta hagsmuna sveitarfélaga við gerð frumvarps til laga um almenningssamgöngur og aðstoð við landshlutasamtök sveitarfélaga um lausn ágreiningsmála um framkvæmd almenningssamgangna.	
❖ Gæta hagsmuna sveitarfélaga við framkvæmd landsskipulagsstefnu fyrir tímabilið 2015-2026.	
❖ Gæta hagsmuna sveitarfélaga við gerð frumvarps um skipulag haf- og strandsvæða og aðstoða landshlutasamtök sveitarfélaga sem vilja koma á fót þróunarverkefni um nýtingu og skipulag strandsvæða.	
❖ Seta í samráðshópi um innleiðingu stafræns skipulags og fræðsla til sveitarfélaga um málefnið.	
❖ Samskipti við forsætisráðuneytið um þjóðlendumál og aðstoð við fulltrúa sambandsins í þjóðlendunefnd.	
❖ Gæta hagsmuna sveitarfélaga við endurskoðun laga um menningarminjar.	
❖ Aðstoð við fulltrúa sambandsins í verkefnisstjórn um 3. hluta rammaáætlunar um vernd og orkunýtingu vatnsafls og jarðhitasvæða.	
❖ Gæta hagsmuna sveitarfélaga við framkvæmd raforkulaga, varðandi stöðu kerfisáætlunar Landsnets.	
❖ Gæta hagsmuna sveitarfélaga við framkvæmd og frekari endurskoðun náttúruverndarlaga, þar sem hugað verður að skilgreiningu á almannarétti.	
❖ Gæta hagsmuna sveitarfélaga við endurskoðun skógræktarlaga.	
❖ Gæta hagsmuna sveitarfélaga við endurskoðun landgræðslulaga.	
❖ Gæta hagsmuna sveitarfélaga við gerð aðgerðaáætlunar um endurheimt votlendis.	

<p>❖ Þátttaka í undirbúningi við innleiðingu á breytingum á tilskipun ESB um mat á umhverfisáhrifum.</p>	
<p>❖ Gæta hagsmuna sveitarfélaga við gerð lagafrumvarps um bætur fyrir náttúruhamfarir.</p>	
<p>❖ Seta í starfshópi um endurskoðun reglugerðar um fráveitur og skólp og áframhaldandi barátta fyrir því að sveitarfélögin fái endurgreiddan VSK vegna fráveituframkvæmda.</p>	
<p>❖ Aðstoð við fulltrúa sambandsins í Vatnaráði.</p>	
<p>❖ Ljúka vinnu við greinargerð starfshóps sambandsins um lög um meðhöndlun úrgangs til að skýra ábyrgð sveitarfélaga og annarra úrgangshafa</p>	
<p>❖ Gæta hagsmuna sveitarfélaga gagnvart frumvarpi um breytingar á lögum um meðhöndlun úrgangs.</p>	
<p>❖ Seta í samráðsvettvangi um úrgangsmál.</p>	
<p>❖ Koma á samstarfi um að bæta upplýsingaöflun og tölfræðiúrvinnslu um úrgangsmál.</p>	
<p>❖ Vinna að betri nýtingu lífræns úrgangs og hauggass</p>	
<p>❖ Kynna mikilvægi svæðisáætlana um úrgangsstjórnun og aðstoða sveitarfélög við undirbúning svæðisáætlana og gerð samþykkta um úrgangsmál.</p>	
<p>❖ Seta í starfshópi um förgun spilliefna.</p>	
<p>❖ Endurskoða megináherslur sveitarfélaga í úrgangsmálum.</p>	
<p>❖ Aðstoða sveitarfélög við að standast kröfur í starfsleyfum um meðhöndlun úrgangs, m.a. um meðhöndlun hauggass, lokunarfyrirmæli, vöktun o.fl.</p>	
<p>❖ Áframhaldandi þátttaka í samstarfsverkefni með Samtökum Norrænna félaga og Landvernd um minnkun á matarsóun í grunnskólum.</p>	
<p>❖ Koma á samstarf við umhverfis- og auðlindaráðuneytið um 2030 dagskrá sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun (<i>Transforming our world: the 2030 Agenda for Sustainable Development</i>).</p>	
<p>❖ Samstarf við Mannvirkjastofnun og byggingarfulltrúa sveitarfélaga um gerð skoðunarhandbóka og önnur sameiginleg mál, þ.m.t. gæðastjórnunarkerfi.</p>	

<p>◆ Stuðla að áframhaldandi umræðu um leiðir til að lækka byggingarkostnað með einföldun regluverks um byggingar- og skipulagsmál. Fylgjast með áhrifum byggingarreglugerðar á byggingarkostnað og stjórnsýslu sveitarfélaga.</p>	
<p>◆ Ljúka við gerð reglugerðar um starfsemi slökkviliða. Í tengslum við gerð hennar verði leitað eftir viðræðum við ríkið um eflingu slökkviliða.</p>	
<p>◆ Fylgja eftir sameiginlegu erindi sambandsins og Samorku um breytingar á vatnalögum til að tryggja rétt vatnsveitna sveitarfélaga til vatnstöku.</p>	
<p>◆ Knýja á um endurskoðun reglugerðar um leiksvæði.</p>	
<p>◆ Áframhaldandi þátttaka í samstarfsverkefni með Landvernd og Sveitarfélaginu Hornafirði um áhrif loftslagsbreytinga á sveitarfélög.</p>	
<p>◆ Setja í nefnd um gerð reglugerðar um skráningu staðfanga.</p>	

# Þróunar- og alþjóðasvið

---

## Hlutverk

---

- Að vinna að framþróun og nýsköpun í stjórnáslu og þjónustu íslenskra sveitarfélaga, sérstaklega í lýðræðismálum, byggða- og atvinnuþróunarmálum, mannréttinda- og jafnréttismálum og upplýsingatæknimálum.
- Að stuðla að því að íslenskir sveitarstjórnarmenn verði hæfari til að takast á við verkefni sveitarfélaga í síbreytilegu umhverfi.
- Að gæta hagsmuna íslenskra sveitarfélaga í EES-samstarfinu og gagnvart ESB.
- Að hafa umsjón með erlendum samskiptum sambandsins.

---

## Leiðarljós

---

- Frumkvæði og virk samskipti á innlendum sem erlendum vettvangi.

---

## Meginmarkmið

---

- Að sveitarfélög séu upplýst um nýjungar í stjórnáslu og þjónustu íslenskra og erlendra sveitarfélaga og nýti sér tækifæri til framþróunar og nýsköpunar.
- Að sveitarstjórnarmenn eigi kost á fræðslu sem er sniðin að þörfum þeirra.
- Að sveitarfélög séu upplýst um tækifæri sín og skyldur samkvæmt EES-samningnum.
- Að tekið sé tillit til sjónarmiða íslenskra sveitarfélaga á vettvangi EES og ESB.

---

## Föst verkefni

---

- Að fylgjast með nýsköpunar- og þróunarverkefnum íslenskra og erlendra sveitarfélaga og miðla upplýsingum um þau til íslenskra sveitarfélaga og hvetja til nýsköpunar- og þróunarstarfs innan þeirra.
- Að vera tengiliður milli sveitarfélaga og ríkisvaldsins til að stuðla að nýsköpun og þróun í lýðræðismálum, stjórnáslu og þjónustu sveitarfélaga.
- Að standa fyrir málþingum, námskeiðum og ráðstefnum fyrir sveitarstjórnarmenn og starfsmenn sveitarfélaga um málefni sviðsins.
- Að standa fyrir aðgerðum til að auka hæfni og þekkingu íslenskra sveitarstjórnarmanna.
- Að fylgjast með nýmælum á vettvangi EES og ESB, sem geta haft áhrif á íslensk sveitarfélög, og undirbúa viðbrögð við þeim.



- Að taka þátt í samráðsfundum með ráðuneytum vegna nýmæla á evrópska efnahagssvæðinu sem haft geta áhrif á sveitarfélög.
- Að taka á móti erlendum gestum og kynna íslensk sveitarstjórnarmál fyrir þeim.
- Tengiliður við FÍÆT.

#### NEFNDASTÖRF SVIÐSSTJÓRA

- Fulltrúi sambandsins í verkefnisstjórn ríkisins um upplýsingasamfélagið.
- Fulltrúi sambandsins í fagráði um fjarskiptamál.
- Fulltrúi sambandsins í innflytjendaráði.
- Fulltrúi sambandsins í jafnréttisráði.
- Fulltrúi sambandsins í vinnuhópi um verkefnið: Nýsköpun í opinberum rekstri.
- Varamaður framkvæmdastjóra í stýrihópi stjórnarráðsins um byggðamál.
- Varamaður framkvæmdastjóra í stjórn Byggðastofnunar.
- Fulltrúi sambandsins í vinabæjarnefnd Norræna félagsins.
- Ritari íslensku sendinefndarinnar á sveitarstjórnarþingi Evrópuráðsins.
- Tekur þátt í framkvæmdastjórafundum og fundum í stefnumótunarnefnd Evrópusamtaka sveitarfélaga, CEMR, og samráðsfundum yfirmanna alþjóðamála hjá norrænu og baltnesku sveitarfélagasamböndunum.
- Tekur þátt í fundum Sveitarstjórnarvettvangs EFTA.
- Tekur þátt í lýðræðishópi norrænu sveitarfélagasambandanna.
- Fulltrúi í siðanefnd sambandsins.
- Hefur umsjón með Evróputeymi sambandsins, tekur þátt í mannauðsteymi, og eftir atvikum í félagsþjónustu- og vinnumarkaðsteymi.
- Hefur umsjón með innflytjenda- og flóttamannateymi sambandsins.

---

#### Föst verkefni Brussel-skrifstofu

---

- Þátttaka í samstarfsneti starfsmanna evrópskra sveitarfélagasambanda í Brussel (ELAN).
- Þátttaka í starfi Evrópusamtaka sveitarfélaga, CEMR.
- Fulltrúi sambandsins í Ráðgjafarnefnd EFTA.
- Þátttaka í ráðstefnum og fundum í Brussel um málefni er varða sveitarfélög.
- Fylgist með undirbúningi stefnumótunar, tilskipana og reglugerða ESB á grundvelli árlegra starfsáætlana framkvæmdastjórnar ESB og forganglista ELAN.
- Samvinna við Svæðanefnd ESB, og aðrar ESB-stofnanir, fastanefnd Íslands gagnvart Evrópusambandinu, EFTA skrifstofuna og aðra aðila sem vinna að hagsmunum Íslands í Brussel.

- Upplýsingamiðlun á vef sambandsins og beint til starfsmanna sambandsins og sveitarfélaga. Útgáfa upplýsingaritsins *Frá Brussel til Breiðdalshrepps*.
- Skipulagning námsferða fyrir íslenska sveitarstjórnarmenn og annast móttöku og fræðslu fyrir þá og aðra er áhuga hafa á að kynnst starfsemi skrifstofunnar og Evrópumálum.
- Aðstoð við sveitarfélög og landshlutasamtök sveitarfélaga við að nýta sér evrópsk verkefnatækifæri.
- Aðstoð við þátttakendur í OPEN DAYS.
- Umsjón með fundum Sveitarstjórnarvettvangs EFTA.

## Áhersluatriði 2016

### ÁFRAMHALDANDI ÚRVINNSLA ÁHERSLUMÁLA 2015

◆ Lýðræðisferð til Svíþjóðar.	
◆ Stuðningur við sveitarfélög vegna innleiðingar barnasáttmálans.	
◆ Eftirfylgni grunnnámskeiða fyrir kjörna fulltrúa og samantekt um hvernig tókst til með grunnnámskeið fyrir kjörna fulltrúa, skólanefndir og félagsmálanefndir.	
◆ Gefa út fræðsluhefti um jafnréttismál fyrir stjórnendur.	
◆ Námskeið um jafnréttismál með aðkomu sænskra sérfræðinga.	
◆ Kynna niðurstöður ráðstefnu um Sveitarstjórnarstigið á 21. öld og hvað Ísland getur lært af norrænum umbótaverkefnum á sveitarstjórnarstiginu.	

### NÝTT 2016

◆ Átak til að hvetja sveitarfélög til nýsköpunar í stjórnsýslu og þjónustu sinni í samvinnu við samstarfshóp ríkis og sveitarfélaga á því sviði.	
◆ Kanna möguleika á námstilboði fyrir bæjarstjóra á grundvelli könnunar sem gerð var 2015.	
◆ Vinna í samvinnu við jafnréttisstofu að endurskoðun á fyrirkomulagi árlegra landsfunda jafnréttisnefnda.	
◆ Kynna niðurstöður úttektar á opinberum vefjum sem kynnt var á Degi upplýsingatækninnar 26. nóvember sl. og hvetja sveitarfélög til frekari þátttöku og framþróunar.	
◆ Vorfundur í EES EFTA sveitarstjórnarvettvangi verður haldinn hér á landi.	

<p>✦ Áframhaldandi hagsmunagæsla vegna málefna flóttamanna og hælisleitenda, m.a. til að tryggja fullnægjandi stuðning ríkisins við sveitarfélög sem taka á móti hælisleitendum og flóttamönnum, og til að stuðla að því að allir flóttamenn fái fullnægjandi stuðning hvort sem þér koma hingað á eigin vegum eða sem kvótaflóttamenn. Tryggja aðkomu sambandsins að flóttamannanefnd velferðarráðuneytisins.</p>	
<p>✦ Taka þátt í stýrihópi á vegum mennta- og menningarmálaráðuneytisins vegna stefnumótunar Æskulýðsráðs. Hópurinn hefur það hlutverk að útfæra nánar markmið og leiðir stefnumótunarinnar, samræma aðgerðir ráðuneytisins, sveitarfélaga og frjálsra félagasamtaka og gera tillögur um aðgerðir þar sem þess er þörf. (VRH)</p>	
<p>✦ Efla starfsemi ungmennaráða og aðstoða sveitarfélög við að stofna ungmennaráð og viðhalda starfi þeirra. Taka þátt í undirbúningi ráðstefnu um ungmennaráð sem Evrópa unga fólksins mun standa fyrir á árinu. (VRH)</p>	
<p>✦ Taka þátt í bakvarðasveit Tómsfundadagsins. (VRH)</p>	

# Rekstrar- og útgáfusvið

## Hlutverk

Að sinna stoðþjónustu við yfirstjórn og önnur svið sambandsins, annast rekstur sambandsins og samstarfsstofnana þess og sjá um útgáfumál, þ. á m. heimasíðu.

## Leiðarljós

Að mæta þörfum og væntingum yfirstjórnar og sviða um stoðþjónustu og væntingum sveitarstjórnarmanna, starfsmanna sveitarfélaga og annarra fyrir markvissa útgáfu og heimasíðu og síðast en ekki síst markviss fjármálastjórn og góð nýting fjármuna.

## Meginmarkmið

- Að bæta nýtingu fjármuna sambandsins.
- Að gæta þess að fjárhagsáætlun ársins sé fylgt eða breytingar á henni samþykktar.
- Að ljúka gerð reikningsskila og ársreiknings sem fyrst eftir hver áramót.
- Að gæta þess að útgefið efni og heimasíða sambandsins mæti þörfum og væntingum markhópa.

## Föst verkefni

- Að undirbúa og annast gerð árlegrar fjárhagsáætlunar og rammafjárhagsáætlunar til lengri tíma, sem byggjast á starfsáætlunum stjórnar sambandsins og sviða þess.
- Að annast bókhald sambandsins og samstarfsstofnana og hafa umsjón með gerð reikningsskila og ársreikninga sambandsins, Bakhjarls sambandsins, Námsleyfa- og endurmenntunarsjóðs og fleiri samstarfsstofnana.
- Að sitja í stjórn Bakhjarls sambandsins með formanni og framkvæmdastjóra.
- Að annast rekstur tölvukerfa sambandsins og samstarfsstofnana þess og sjá til þess að þau uppfylli þarfir starfseminnar og séu hnökralaus.
- Að sinna ýmsum verkefnum fyrir Lánasjóð sveitarfélaga ohf., Námsleyfasjóð og Endurmenntunarsjóð.
- Að aðstoða framkvæmdastjóra við undirbúning landsþings.
- Að aðstoða framkvæmdastjóra við undirbúning og frágang stjórnarfunda.
- Að hafa umsjón með húsnæðismálum sambandsins og aðstöðu starfsmanna.
- Að sjá um starfsmannamál, ráðningu starfsmanna og fleira þess háttar í samráði við framkvæmdastjóra og aðra sviðsstjóra.

- Að undirbúa og annast framkvæmd (ytri umgjörð) á þingum, ráðstefnum og fundum á vegum sambandsins í samráði við aðra sviðsstjóra og starfsmenn.
- Að sinna upptökum og beinum útsendingum funda og ráðstefna sambandsins.
- Að halda við heimasíðu sambandsins og þróa hana í samráði við önnur svið.
- Að annast útgáfumál sambandsins og aðstoða önnur svið við framsetningu upplýsinga.
- Að annast dagleg innkaup.

## Áhersluatriði 2016

### ALMENN ATRIÐI

<p>✦ Starfsþróunarsamtöl við starfsmenn sviðsins verða tekin á fyrri hluta ársins.</p>	
<p>✦ Starfsmenn sviðsins verða hvattir til að sækja sér sí- og endurmenntun, eins og undanfarin ár.</p>	
<p>✦ Sinna starfsþróunar- og starfsmannamálum almennt í ljósi þeirrar úttektar sem gerð hefur verið á vinnuanda og starfsumhverfi á skrifstofu sambandsins, m.a. með gerð starfsmannahandbókar.</p>	
<p>✦ Vinna að gerð áætlunar um öryggi og heilbrigði og heilsufarsskoðanir skv. VIII. kafla reglugerðar um skipulag og framkvæmd vinnuverndarstarfs á vinnustöðum. Jafnframt að skipaðir verði öryggistrúnaðarmaður og öryggisvörður, sbr. 5. gr. framagreiðrar reglugerðar nr. 920/2006.</p>	
<p>✦ Vinna að gerð áætlun um forvarnir til að koma í veg fyrir einelti, kynferðislega áreitni, kynbundna áreitni og ofbeldi á vinnustaðnum, sbr. reglugerð um aðgerðir gegna einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni og ofbeldi á vinnustöðum nr. 1009/2015.</p>	
<p>✦ Ræða og þróa áfram útgáfumál sambandsins og upplýsingagjöf, m.a. skoða hvernig má nýta betur samfélagsmiðla til þess að koma upplýsingum frá sambandinu á framfæri.</p>	
<p>✦ Undirbúningur og framkvæmd XXX. landsþings sambandsins 8. apríl og þeirra ráðstefna og funda sem sambandið mun standa fyrir á árinu.</p>	
<p>✦ Sviðsstjóri sinnir fundarritun á fundum Jónsmessunefndar á árinu 2016 þegar framkvæmdastjórn nefndarinnar verður á hendi sambandsins.</p>	
<p>✦ Undirbúa síðari hluta ársins starfslok sviðsstjóra rekstrar- og útgáfusvið vegna aldurs á vordögum 2017 og huga að ráðningu annars manns, karls eða konu, í starfið og þjálfun hans.</p>	

✦ Taka til skoðunar úttekt sem gerð var á rekstri tölvukerfa sambandsins á árinu 2015.

## SKJALAVARSLA

✦ Halda áfram innleiðingu rafræns mála- og skjalakerfis hjá sambandinu og samstarfsstofnunum þess.

✦ Taka til skoðunar að breyta fastalettri sambandsins vegna rafrænnar skjalavörslu.

✦ Tilkynna rafræn gagnakerfi til Þjóðskjalasafns Íslands, þ.e. rafræn mála- og skjalavörslukerfi, rafræn dagbókakerfi og úrelt tölvukerfi, rafrænar skrár og gagnagrunna.

✦ Halda áfram að gera skjalavistunaráætlun fyrir sambandið og samstarfsstofnanir þess, en skjalavistunaráætlun er verkfæri fyrir skjalavörslu stofnunar í nútíð og framtíð og verður lykill fræðimanna og annarra að skjalasafninu í framtíðinni. Í skjalavistunaráætluninni sést hvort skjalaflokkarnir eru rafrænir eða á pappír á hverjum tíma, hvort þeir hafa verið varðveittir, hvernig aðgengi að þeim er háttað og hvaða lýsigögn fylgja rafrænu skjölunum sem opnar aðgengi að þeim.

✦ Halda áfram skráningu eldri skjala í skjalasafni sambandsins og samstarfsstofnana í FileMaker geymsluskrá og kanna hvort Þjóðskjalasafn Íslands hafi tök á því að tak við skjölum sem eru eldri en 30 ára.

✦ Vinna að nýjum málalykli fyrir Lánasjóð sveitarfélaga ohf. og fá samþykki Þjóðskjalasafns á honum og jafnframt að fá samþykki Þjóðskjalasafns fyrir rafrænni vörslu skjala lánasjóðsins.

✦ Klára skráningu eldri skjala Lánasjóðs sveitarfélaga og kanna hvort Þjóðskjalasafn Íslands hafi tök á því að taka við skjölum sem eru eldri en 30 ára.

✦ Kanna kosti þess og galla að taka upp rafrænar undirskriftir fundargerða stjórnar og ráðgefandi nefnda sambandsins – þeirri athugun var ekki lokið á árinu 2015. Jafnframt að kanna hvort það er kostur að taka upp rafræna undirritun bréfa, umsagna og minnisblaða.



